

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Kjósarhreppi.

#### *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Háls.*

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti á fundi sínum 7. febrúar 2024 breytingu á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Háls. Breytingin gekk út á að bætt var við tveimur lóðum til viðbótar við núverandi deiliskipulag. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt með athugasemdafresti til 2. desember 2023.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Eyjafells í Kjós.*

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti á fundi sínum 7. febrúar 2024 breytingu á deiliskipulagi Eyjafells. Breytingin gekk út á að sameinaðar voru lóðir og tilgreindir nýir byggingarreitir innan sameinaðra lóða. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt með athugasemdafresti til 18. janúar 2024.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi sumarhúsa í landi Möðruvalla I, Norðurnes, efra svæði.*

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti á fundi sínum 7. febrúar 2024 breytingu á deiliskipulagi sumarhúsa í landi Möðruvalla. Breytingin felur í sér að sameina lóðirnar Norðurnes 62 (L221019) og Norðurnes 64 (L226345) annars vegar og Norðurnes 89 (L226597) og Norðurnes 91 (L219636) hins vegar. Einnig er áður samþykkt breyting á afmörkun Norðurness 73 (L217141) og Norðurness 74 (L217116) dags. 17. janúar 2014 þar sem uppfærðar lóðarstærðir hafa nú þegar verið skráðar í fasteignaskrá. Fallið var frá grenndarkynningu í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem umsóknin varðaði einungis hagsmuni sveitarfélagsins og umsækjanda.

*Kjósarhreppi, 12. febrúar 2024.*

**Óskar Örn Gunnarsson** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. febrúar 2024